

## Erlendur ritari og tengiliður við Færeyjasvæði:

Skýrsla til umdæmisstjórnarfundar 17. mars 2012

Hér mun ég koma inn á starf mitt sem tengiliður við Færeyjasvæði, en starf erlends ritara hefur að mestu falist í því.

Samstarfið við Færeyjar hefur gengið mjög vel og hefur verið gefandi starf. Starfið þar er öflugt og góður svæðisstjóri við stjórnartaumana. Það sem ber hæst í samstarfinu frá síðasta umdæmisstjórnarfundum er að kiwanisfélagar í Færeyjum hafa tilkynnt að þeir ætli að taka þátt í heimsverkefninu og hafa sýnt því mikinn áhuga enda um áhugavert verkefni að ræða og frábært að þau tvö eyríki sem standa að kiwanisumdæminu okkar skuli starfa saman á þennan hátt.

Önnur frétt varðandi Færeyjar þá er kominn nýr linkur á heimasíðu Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar sem ber heitið „Nyheder på dansk“ og hef ég æviráðið mig við þýðingar á fréttum yfir á dönsku, þó ég muni ekki halda áfram sem tengiliður við Færeyjar þegar nýtt starfsár hefst. Það er mikilvægt að ekki gleymist að töluð eru tvö tungumál innan umdæmisins og nauðsynlegt er að hægt sé að skiptast á fréttum og vona ég að Færeyingar fari að skrifa fréttir af sínu starfi inn á síðuna.

Ég hef verið í sambandi við Elínu svæðisstjóra varðandi væntanlega heimsókn umdæmisstjóra með vorinu en þau munu útfæra það endanlega hér á fundinum.

Þá stóð til að ég myndi túlka á svæðisstjórafræðslunni sem var 10. mars sl. en þar sem verðandi svæðisstjóri Færeyjasvæðis átti ekki tæk á að vera þar varð ekki af því, en eins og sést er starf tengiliðs fjölbreytt og skemmtilegt og maður veit ekki hve næstu verkefni verða. Þetta spilast af fingrum fram.

Með kiwaniskveðju  
Emelía Dóra Guðbjartsdóttir  
erlendur ritari og tengiliður við Færeyjasvæði.